

Allianz Lebensversicherungs-AG**Sérstakir skilmálar fyrir þátt Eftirlifendalífeyris:Höfuðstóll við andlát af slysförum E 3**

Ágæti viðskiptavinar.

Eftirfarandi skilmálar útskýra fyrir þér þær reglur sem gilda um ofangreindan þátt.

Ef annað er ekki tekið fram í þessum skilmálum gilda Almennu tryggingarskilmálarnir fyrir Grunnþáttinn eftir því sem við á.

Með kveðjum
Allianz Lebensversicherungs-AG

Efnisyfirlit:

- A Sérstakir skilmálar
- § 1 Hvað er tryggt?
- § 2 Hvaða viðbótarákvæði gilda um hagnaðarhlutdeildina?
- § 3 Hvað er slys samkvæmt þessum skilmálum?
- § 4 Hvenær er tryggingarvernd útilokuð?
- § 5 Hvaða áhrif hafa veikindi og langvarandi heilsubrestur hins tryggða?
- § 6 Hvað þarf að hafa í huga þannig að lagaleg réttindi glatist ekki eftir andlát hins tryggða af slysförum?
- § 7 Hvenær gefum við út yfirlýsingu um bótaskyldu okkar?
- § 8 Hvernig er sambandið við grunnþáttinn?
- § 9 Hvað gildir um iðgjaldsundanþágu?
- § 10 Hvað gildir um uppsögn?
- B Breytingar á sérstökum skilmálum fyrir þáttinn Eftirlifendalífeyrir: Höfuðstóll við andlát af slysförum.

A Sérstakir skilmálar**§ 1 Hvað er tryggt?**

Látist hinn tryggði á tryggingartíma þáttarins Höfuðstóll við andlát, þá greiðum við þann tryggða höfuðstól sem um var samið í slíku tilviki, ef eftirtalin skilyrði eru uppfyllt:

- a) Slysið átti sér stað eftir gildistöku þáttarins Höfuðstóll við andlát af slysförum og
- b) andlátið varð
 - á tryggingartíma Höfuðstóls við andlát af slysförum.
 - innan eins árs frá því slysið varð

§ 2 Hvaða viðbótarákvæði gilda um hagnaðarhlutdeildina?

(1) Þátturinn Höfuðstóll við andlát af slysförum með reglubundnum iðgjaldsgreiðslum sem og þátturinn Höfuðstóll við andlát af slysförum, sem, vegna óvinnufærni, er að öllu leyti eða að hluta iðgjaldsfrír, á ekki hlutdeild í hagnaðinum einn og sér.

(2) Þátturinn Höfuðstóll við andlát af slysförum með eingreiðslu iðgjalds, sem og þátturinn Höfuðstóll við andlát af slysförum með breytilegu iðgjaldiöðlast alltaf hlutdeild í hagnaði hvor í sínu lagi. Hvaða flokki þáttur þinn tilheyrir sérð þú í tryggingarupplýsingunum þínum. Samkvæmt þeirri flokkun veitum við í byrjun hvers tryggingarárs þætti þínum hlutdeild í áunnum hagnaði (árlegir hagnaðarhlutar). Hundradshluta hlutdeildarinnar í hagnaði birtum við í ársskýrslu eða tilkynnum þér um hann sérstaklega. Þar að auki veitum við þættinum Höfuðstóll við andlát hlutdeild í matssjóðunum. Þeim er deilt á tryggingarnar samkvæmt orsakamiðaðri aðferð.

Þættinum Höfuðstóll við andlát falla þó engir eða aðeins smávægilegir matssjóðir í skaut.

(3) Hlutdeild iðgjalda Höfuðstóls við andlát er þannig reiknuð, að henni er ráðstafað til að standa straum af áhættu- og rekstrarkostnaði. Það myndast því engar eða óverulegar upphæðir til fjárfestinga, sem nýta mætti til að byggja upp matssjóði.

(4) Reiknistuðlarnir sem notaðir eru til að reikna út hagnaðarhlutdeildina ráðast fyrst og fremst af aldri hins tryggða, af umsaminni lengd tryggingartímans og af því hve langt er liðið á tryggingartímann og af hæð tryggða höfuðstólsins í þættinum Höfuðstóll við andlát af slysförum. Þeir eru reiknaðir út skv. viðurkenndum reglum tryggingastærðfræðinnar.

(5) Hagnaðarhlutum þáttarins Höfuðstóll við andlát af slysförum er, ásamt hagnaðarhlutum grunnþáttarins, ráðstafað á þann hátt sem lýst er í Almennu tryggingarskilmálunum sem um þessa þætti gilda.

§ 3 Hvað er slys samkvæmt þessum skilmálum?

Um slys er að ræða þegar hinn tryggði verður fyrir óvæntum og óæskilegum utanaðkomandi atburði (slysatilvik) sem líkamstjón hlýst af.

§ 4 Í hvaða tilvikum er tryggingarvernd útilokuð?

(1) Í eðli sínu gildir bótaskylda okkar óháð því hvernig slys vill til.

(2) Tryggingarverndin gildir þó ekki um:

a) Slys sem rekja má til geð- eða vitundartruflunar, og líka að svo miklu leyti sem rekja má þessar truflanir til ólvunar, sem og til heilablóðfalls, flogakasts eða annarra krampakasta sem grípa allan líkama hins tryggða.

Við greiðum þó óskertar bætur ef þessar truflanir eða köst hlutust af slysatilviki sem fellur undir þessa tryggingu.

b) Slys sem hinn tryggði verður fyrir vegna þess að hann framdi eða reyndi að fremja refsiverðan verknað af ásettu ráði.

c) Slys vegna uppþota innanlands ef hinn tryggði er á meðal þeirra sem að uppötunum standa.

d) Slys sem hljótast beint eða óbeint af stríðsátökum. Við greiðum þó óskertar bætur hafi hinn tryggði orðið fyrir slysinu meðan hann dvaldist utan Sambandslýðveldisins Þýskaland og ekki tekið virkan þátt í stríðsátökunum.

e) Slys hins tryggða

- sem stjórnandi loftfars (einnig sem stjórnandi flugþróttatækis) ef hann þarf til þess leyfi samkvæmt þýskum lögum og einnig sem annar í áhöfn loftfars;
- við starf sem vinna þarf með hjálp loftfars;
- við notkun geimfara.

f) Slys sem hljótast beint eða óbeint af kjarnorku.

g) Slys sem hljótast beint eða óbeint vegna vísitandi beitingar kjarna-, líffræðilegra- eða efnavopna eða vísitandi notkunar eða vísitandi losunar geislavirkra, líffræðilegra eða kemískra efna, ef markmiðið með notkuninni eða losuninni er að stofna lífi fjölda manns í hættu.

Takmörkun á bótaskyldu okkar samkvæmt f) og g) fellur þó niður ef um afmarkaðan atburð í tíma og rúmi er að ræða, þar sem ekki látast fleiri en 1.000 manns beint eða fjárféðanlega óbeint innan fimm ára frá atburðinum, eða muni hljóta varanlegt alvarlegt

heilsutjón af. Skilyrðin fyrir því að takmörkun á bótaskyldu falli niður skal óháður matsmaður sannreyna og staðfesta.

g) Heilsutjón vegna geislunar.

Við greiðum þó óskertar bætur ef um er að ræða afleiðingar slysatilviks sem fellur undir þennan þátt.

h) Heilsutjón vegna lækningaráðstafana eða inngrip eða aðgerðir í öðrum tilgangi sem hinn tryggði framkvæmir eða lætur framkvæma á líkama sínum.

Við greiðum þó óskertar bætur ef til þessara inngripa eða lækningaráðstafana, þar með taldar geislagreiningar eða geislalækningar, er stofnað vegna slysatilviks sem fellur undir þennan þátt.

j) Sýkingar.

Við greiðum þó óskertar bætur ef sóttkeivjurnar komust inn í líkamann vegna meins af völdum slysatilviks sem fellur undir þennan þátt.

Sem mein af völdum slyss teljast ekki húð- og slímhúðarskemmdir sem eru smávægilegar í eðli sínu og sem sóttkeivjurnar komast strax eða síðar inn í líkamann um, og sýkingar sem hljótast af lækningaráðstöfunum. Þessi takmörkun á ekki við um hundaæði og stífkrampa.

k) Eitranir vegna inntöku fastra eða fljótandi efna um kokið. Við greiðum þó óskertar bætur ef um er að ræða afleiðingar slysatilviks sem fellur undir þennan þátt.

l) Slyss sem afleiðingar sálrænna viðbragða, óháð því hvernig þau eru til komin.

m) sjálfsvíg af ráðnum hug og eins þó svo að hinn tryggði hafi framið verknaðinn í sjúklegu geðtruflunarástandi sem útilokaði frjálsa viljaákvörðun. Tryggingarvernd gildir þó ef þetta ástand var afleiðing slysatilviks sem fellur undir þennan þátt.

§ 5 Hvaða áhrif hafa veikindi og langvarandi heilsubrestrur hins tryggða?

Ef andlátíð orsakaðist, auk slyssins, af völdum veikinda eða langvarandi heilsubrestrs að 25 hundraðshlutum eða meira, lækkar greiðsla okkar sem þeim hluta nemur.

§ 6 Hvað þarf að hafa í huga þannig að lagaleg réttindi glatist ekki eftir andlát hins tryggða af slysförum?

(1) Okkur skal tilkynnt tafarlaust um andlát hins tryggða af slysförum – helst innan 48 klukkustunda.

(2) Til að skera úr um greiðsluskyldu okkar getum við farið fram á frekari nauðsynlegar sannanir og upplýsingar.

(3) Veita ber okkur rétt til þess að láta lækni á okkar vegum framkvæma skoðun eða krufningu ef þurfa þykir. Verði okkur neitað um heimild til krufningar erum við leyst undan greiðsluskyldunni nema þessi afstaða hafi engin áhrif á ákvörðun eða umfang greiðsluskyldu okkar.

(4) Ef tilkynningaskyldan gagnvart okkur er vanrækt af ráðnum hug eða gáleysi (mgr. 1 og 2) erum við leyst undan greiðsluskyldu. Við vítavert gáleysi höfum við heimild til að lækka bæturnar í réttu hlutfalli við brotið. Þetta gildir ekki ef þú sannar fyrir okkur að ekki hafi verið brotið gegn tilkynninga- og samstarfsskyldunni af vítaverðu gáleysi. Við erum þó að því leyttu bótaskyld að brotið hafi engin áhrif á ákvörðun eða umfang greiðsluskyldu okkar.

Við losnum því aðeins að öllu leyti eða að hluta undan bótaskyldunni, ef við höfum tilkynnt þér sérstaklega um þessi réttaráhrif skriflega.

§ 7 Hvenær gefum við út yfirlýsingu um bótaskyldu okkar?

(1) Veita skal okkur nauðsynleg sönnunargögn um tildrög og afleiðingar slyssins svo ákvarða megi greiðsluskylduna. Auk þess er okkur heimilt að afla sjálf nauðsynlegra gagna.

(2) Okkur ber að tilkynna innan mánaðar hvort og að hve miklu leyti við föllumst á kröfuna. Fresturinn hefst þegar okkur berast nauðsynleg sönnunargögn og að lokinni nauðsynlegri gagnaöflun.

§ 8 Hvernig er sambandið við grunnþáttinn?

(1) Þátturinn Höfuðstóll við andlát af slysförum myndar eina heild ásamt grunnþættinum; ekki er hægt að halda honum áfram án grunnþáttarins. Þátturinn Höfuðstóll við andlát af slysförum fellur úr gildi þegar grunnþættinum lýkur eða í síðasta lagi við upphaf lífeyristöku úr grunnþættinum.

Iðgjaldsskyldur þáttur Höfuðstóll við andlát af slysförum fellur einnig úr gildi þegar umsömdu tímabili iðgjaldsgreiðslu lýkur.

Í tryggingum sem innihalda þætti sem tengjast lífeyri vegna örorku gildir þátturinn Höfuðstóll við andlát af slysförum samt áfram, ef grunnþátturinn vegna örorku hins tryggða verður iðgjaldsfrír að öllu leyti eða að hluta.

(2) Ef iðgjald fyrir iðgjaldsskyldan grunnþátt lækkar og greiðslur úr grunnþættinum lækka þar af leiðandi, þá minnkar einnig tryggingarvernd þáttarins Höfuðstóll við andlát af slysförum, samkvæmt viðurkenndum aðferðum tryggingastærðfræðinnar, niður í þá upphæð sem samsvarar þeim hluta grunnþáttarins sem iðgjald greiðist fyrir framvegis.

(3) Ef greiðslan úr grunnþættinum lækkar vegna iðgjaldsundanþágu eða vegna þess að iðgjald lækkar, þá er innan 6 mánaða hægt að krefjast þess að þátturinn Höfuðstóll við andlát af slysförum verði endurvakin með sérstakri iðgjaldseingreiðslu, eða að tryggður höfuðstóll þáttarins hækki á ný, þannig að það hlutfall sem gilt hefur til þessa milli bóta úr þættinum Höfuðstóll við andlát af slysförum, annars vegar, og bóta úr Grunnþættinum, hins vegar, verði endurvakið. Við útskýrum fyrir þér forsendur og áhrif ef óskað er.

§ 9 Hvað gildir um iðgjaldsundanþágu?

Þáttinn Höfuðstóll við andlát getur þú ekki gert iðgjaldsfrían. Ef Grunnþátturinn er gerður iðgjaldsfrír fellur þátturinn Höfuðstóll við andlát af slysförum úr gildi.

§ 10 Hvað gildir um uppsögn?

(1) Hægt er að segja upp sérstaklega þættinum Höfuðstóll við andlát af slysförum. Þá áttu hins vegar hvorki rétt á endurkaupvirði né iðgjaldsfríum bótum.

(2) Ef þú segir tryggingu þinni upp, greiðum við – sé það fyrir hendi – endurkaupvirðið.

Endurkaupvirðið er sett saman úr endurkaupvirði Grunnþáttarins og endurkaupvirði annarra innifalinnna þátta.

(3) Endurkaupvirði þáttarins Höfuðstóll við andlát er bótahöfuðstóll þáttarins Höfuðstóll við andlát eins og bótahöfuðstóllinn reiknast samkvæmt viðurkenndum reglum tryggingafræðinnar, sem byggja á reikniforsendum iðgjaldanna. Þar myndast enginn frádráttur.

**B Breytingar á sérstökum skilmálum fyrir þáttinn
Eftirlifendalífeyrir: Höfuðstóll við andlát af slysförum.**

**Hvað gildir ef Grunnþátturinn er Ellilífeyris- og
eftirlifendalífeyrisþáttur: „Framtíðarlífeyrir Invest
alpha-Balance“ eða „Framtíðarlífeyrir Invest“?**

KU 1

Í stað 4. mgr. § 2 kemur:

„(4) Með hagnaðarhlutdeild þáttarins Höfuðstóll við andlát af slysförum öðlumst við sjóðshlutdeildir samkvæmt þeirri skiptingu sem þú kaust þér og færur þær til tekna hjá viðkomandi fjárfestingasöfnum.“